



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/3123
komudagur 25.8.2008

Þjóðskjalasafn Íslands
National Archives of Iceland

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.08.2008

Efni: Umsögn Þjóðskjalasafns Íslands um frumvarp til laga um sjúkraskrár (635. mál)

Þjóðskjalasafn Íslands hefur að beiðni heilbrigðisnefndar kynnt sér frumvarp til laga um sjúkraskrár. Biðst safnið velvirðingar á því hversu seint umsögnin er afgreidd. Gerir Þjóðskjalasafn einungis eina athugasemd við þetta frumvarp er varðar 11. gr. þess, þar sem segir, „Innan 30 ára frá andláti sjúklings skal afhenda sjúkraskrár hans til Þjóðskjalasafns Íslands og gilda þá ákvæði laga um Þjóðskjalasafn Íslands um varðveislu þeirra og aðgang að þeim.“ Hér ætti að sleppa að tilgreina sérstaklega 30 ára afhendingarskylduna á sjúkraskrár og vísa þess í stað til gildandi ákvæða laga um Þjóðskjalasafn Íslands varðandi afhendingar, enda er þörf á að afhenda rafrænar sjúkraskrár mun fyrr ef tryggja á öryggi upplýsinganna. Í frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, sem nú liggur fyrir Alþingi, er t.a.m. lagt til að skjöl á rafrænu formi séu afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri. Varðandi rafrænar sjúkraskrár þýðir það að þær verði afhentar Þjóðskjalasafni Íslands eigi síðar en fimm árum frá andláti sjúklings.

f.h. þjóðskjalavarðar,

Kristjana Kristjánsdóttir

Pjetur G. Kristjánsson